

Unnið með ævintýratexta

Hugmynd að verkefninu er fengin frá Jonothan Neelands

28 línur er skipt jafnt á milli fjögurra til sex manna hópa (fer eftir stærð bekkjarins). Hver hópur þarf að raða sínum línur saman þannig að úr verði saga. Hver hópur þarf líka að búa til einn hlut eða teikna mynd af því sem þeim finnst skipta mestu máli í sögunni.

Hver hópur býr til tvær kyrrmyndir af því sem þeim finnst skipta mestu máli og sýnir fyrir hinum. Fyrst ein kyrrmynd og fara síðan hægt í þá næstu. Hver hópur á að bæta við texta eða orði sem táknar atburðarásina þeirra. (stuttan texta). Þegar allir eru búnir að sýna er kominn vísir að sýningu.

Fáið nemendur til að raða kyrrmyndunum í rétta röð (hvað kemur fyrst og hvað svo). Hugsa um hvað gerist á undan hverri kyrrmynd og hvað gerist strax á eftir. Búa til spuna með tali sem gerist á undan og eftir hverri kyrrmynd.

Nú eruð þið komin með sýningu.

Engursögn af Cap O'Rushes eftir Joseph Jacob

Þýðing Rannveig Björk Þorkelsdóttir

Einu sinni var ríkur maður sem átti þrjár dætur

Hann spurði þær hver þeirra elskaði sig mest

Sú fyrsta sagðist elska hann jafn mikið og lífið sjálf

Önnur sagðist elska hann jafn mikið og allan heiminn

Sú þriðja sagðist elska hann jafn mikið og matur þarfnast salt

Hann ákvað það að þriðja dóttirinn elskaði hann ekki nógu mikið og rak hana á brott

Hún tók með sér þrjá kjóla sem mamma hennar átti og faldi þá í tré einu

Hún útbjó sér síðan flik úr sefi

Hún fann stórt hús þar sem hún grátbað um vinnu við að vaska upp

Og af því að hún sagði engum hvað hún hét var hún kölluð Sefastúlkan

Einn daginn fór allt þjónustufólkið að fylgjast með heldrafólkinu á dansleik

Sefastúlkan sagðist vera of þreytt til að fara en í staðinn hljóp hún að trénu góða og fór í einn kjól af mömmu sinni

Síðan hljóp hún á ballið

Prinsinn sá hana og varð strax ástfanginn af henni en hún hljóp í burtu



Þetta endurtók sig tvö kvöld í röð. Prinsinn gaf henni hring og sagðist ekki geta lifað án hennar

Þegar dangsleikjunum lauk, lagðist prinsinn í rúmið út af ástarsorg

Matsveinninn var beðinn um að elda graut fyrir prinsinn og Sefastúlkan bað um að fá að búa hann til

Hún setti hringinn í grautinn

Prinsinn heimtaði að hitta þann sem bjó til grautinn

Prinsinn yfirheyrði Sefastúlkuna sem lauk með því að hún viðurkenndi hver hún var í raun og veru

Giftu þau sig síðan og var haldin mikil veisla

Sefastúlkan ákvað að allir matur í veislunni yrði eldaður án þess að nota salt

Þannig varð allur maturinn í veislunni bragðlaus

Faðir hennar, sem var einn veislugesta, byrjaði allt í einu að gráta

Hann áttaði sig á því hvað yngsta dóttir hans hefði átt við

Nú óttaðist hann að hún væri dái

Sefastúlkan sagði hver hún var í raun og veru

Og þau lifðu öll hamingjusöm þar sem eftir var